

8. gr.

Drátt fyrir ákvæði 4.—7. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt að fengnu álitu Hafrannsóknarstofnunarinnar leyfi til veiði smásildar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til heitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

9. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa samkvæmt 2. gr. og 8. gr. sé fylgt.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 280 5. ágúst 1977 um síldveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. ágúst 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 2. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, skulu eftirtalin ávana- og fíknilyf skráð á lista A yfir ávana- og fíkniefni, sbr. fylgiskjal með ofangreindri reglugerð:

Amphetaminum
Dexamphetaminum
Metamphetaminum
Methylphenidatum
Pemolinum

Eftirtaldar undanþágur og fyrirmæli skulu gilda um notkun þessara lyfja til lækna svo og sölt þessara lyfja og hvers konar samsetningar:

1. Ávísanir lækna skulu einungis ætlaðar sjúklingum, er þjást af eftirtöldum sjúkdómum:
 - 1.1 Narcolepsia
 - 1.2 Hyperkinesis
 - 1.3 Retardatio mentis

1.4 Epilepsia

1.5 Parkinsonismus

1.6 Aðrar mjög mikilvægar ástæður.

2. Leyfi þarf til að ávísa megi þeim lyfjum, er að framar greinir. Sækja skal um slík leyfi til landlæknis. Leyfisumsókn skal fylgja rökstuðningur læknis, sbr. 1. tölulið að framan, og skal auk nafns sjúklings, greint frá fæðingardegi, ári og nafnnúmeri.

Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að 5 árum, í formi lyfjakorts, sem sjúklingur skal framvísa lækni og lyfjabúð.

Landlæknir sendir lyfjaeftirliti ríkisins og lyfsölum tilkynningu um sérhvert leyfi, sem gefið er út eða er afturkallað.

3. Óheimilt er að ávísa í síma lyfjum þeim, er að framan greinir.
4. Innflutningur ofangreindra lyfja er bundinn innflutningsleyfum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390/1974. Innflutningsleyfi eru gefin út af lyfjamáladeild ráðuneytisins.
5. Fyrirmæli auglýsingar þessarar um takmörkun lyfjaávisana eiga við afgreiðslu lyfja, hvort sem er innan eða utan sjúkrastofnana.
6. Landlæknir getur afturkallað leyfi til þess að sjúklingi sé ávísað lyfjum þessum, ef hann telur að hlutaðeigandi hafi brotið í bága við fyrirmæli auglýsingar þessarar, villt á sér heimildir eða aðrar mikilvægar ástæður mæla með afturköllun.
7. Læknur og lyfjabúðum er skylt að halda eftir ógildum lyfjakortum sem framvísað er og senda landlækni.

Með brot gegn auglýsingu þessari fer skv. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Fyrirmæli auglýsingar þessarar öðlast gildi þegar í stað til eftirbreytni öllum er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 230 4. júní 1976 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 320 16. ágúst 1976 um laun innheimtumannanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal enginn innheimtumaður ríkissjóðs missa meira en þriðjung þeirra innheimtulauna er hann hefði haft samkvæmt eldri reglum vegna innheimtu á árinu 1977, og vegna innheimtu á árinu 1978 skal enginn innheimtumaður ríkissjóðs missa meira en tvo þriðju hluta þeirra innheimtulauna er hann hefði haft samkvæmt eldri reglum.